

## AUGLÝSING

### um fjölda kennslustunda í 1. - 10. bekk grunnskóla og skiptingu þeirra milli námsgreina. (Viðmiðunarstundaskrá)

#### 1. gr.

Auglýsing þessi kemur í stað auglýsingar nr. 154/1991 um skiptingu kennslustunda milli námsgreina. Auglýsingin gildir frá og með skólaárinu 1992 - 93 og þar til öðruvísi verður ákveðið.

#### 2. gr.

Heildarfjöldi nemendastunda í 1. - 10. bekk grunnskóla skal að lágmarki vera þessi:

1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.	bekkur
24	24	24	26	28	30	32	33	33	33	stundir

#### 3. gr.

Nemendastundir skiptast á námsgreinar og námsár eins og sýnt er í töflunni.

#### Skýringar við töflu:

Um einstakar námsgreinar og námsþætti vísast til aðalnámskrár grunnskóla frá 1989. Einnig er bent á 19. kafla í aðalnámskrá sem fjallar um skiptingu og nýtingu tíma í grunnskólum.

Hlutfall greinaflokka er reiknað út frá bundnum stundum samtals.

Hér er miðað við 40 mín. kennslustundir.

*Stundir sem tilgreindar eru í töflunni á tiltekinn bekk í einstökum námsgreinum eru viðmiðunarstundir.* Ekki eru alltaf skýr mörk á milli námsgreina t.d. í yngstu bekkjunum. Í 1. - 3. bekk er sýndur æskilegur stundafjöldi að meðaltali á viku í greinaflokkum. Innbyrðis hlutföll milli námsgreina í þessum bekkjum er ákvörðunarefni hvers skóla. Krossar í töflunni sýna að kenna skal umræddar greinar á hverju námsári. Mælt er með því að beitt sé sveigjanlegum kennsluháttum og skólastarfið sé skipulagt þannig að möguleikar samkennslu og samþættingar nýtist sem best.

Áherslur í skólastarfi geta breyst frá einu ári til annars. Sé ekki haldið uppi þeirri lágmarkskennslu sem bundnar stundir segja til um í tiltekinni grein eða greinasviði eitt árið þarf að auka hana síðar. Enda þótt bundnum stundum sé dreift á námsár í töflunni, er það gert til viðmiðunar. Ekki þarf að fylgja þeirri skiptingu út í æsar fyrir hvert námsár heldur er ætlast til að áherslur í grunnskólanáminu í heild eða áföngum þess séu sem næst því sem taflan tilgreinir. Suma námsþætti má t.d. kenna í námskeiðsformi eða skipuleggja tveggja til þriggja ára nám í tiltekinni námsgrein á þann hátt að meginþunginn komi á eitt ár.

Stundir til sundkennslu eru innifaldar í stundum til íþróttá (sjá reglugerð um sundnám nr. 395/1986).

**TAFLA: Skipting nemendastunda á námsgreinar og námsár.**

BEKKUR	1.-3. b			1.-10. b.						10.	samt.	
	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.			
ÍSLENSKA	×	×	×	6	6	6	6	5	5	5		
STÆRÐFRÆÐI	×	×	×	4	4	4	4	4	4	4	5	
	27									95	37,7%	
MYND- OG HANDMENNT	×	×	×	4	4	4	4	4	4	4		
HEIMILISFRÆÐI	×	×	×	1	1	1	2	2	2			
TÓNMENNT	×	×	×	1	1	1	1	1	1			
	15									54	21,4%	
SAMFÉLAGSFRÆÐI	×	×	×	}	3	3	3	2	2	(2)		
KRISTIN FRÆÐI	×	×	×		4	1	1	1	1	1		
NÁTTÚRUFRÆÐI	×	×	×		2	2	2	3	3	(2)		
DANSKA					2	2	3	3	4			
ENSKA						2	3	3	4			
	9									73	29,0%	
ÍPRÓTTIR	×	×	×	3	3	3	3	3	3	3	3	
	9									30	11,9%	
BUNDNAR STUNDIR SAMTALS	20	20	20	23	25	27	30	31	31	25	252	87,8%
TIL RÁÐSTÖFUNAR SKÓLA	4	4	4	3	3	3	2	2	2	8	35	12,2%
LÁGMARKS NEMENDASTUNDIR	24	24	24	26	28	30	32	33	33	33	287	

Til viðbótar fá skólar eða skólhverfi nemendastundir til:

SÉRKENNSLU (Sbr. reglugerð um sérkennslu)

AÐ SKIPTA BEKKJUM (Sbr. 10. gr. a) og b) liður)

SKÓLASAFNSKENNSLU (Sbr. 10. gr. c) liður)

## 4. gr.

Lágmark nemendastunda er sá vikulegi kennslustundafjöldi sem hver nemandi á rétt á. Stundafjöldi námsgreina og greinaflokka í töflunni sýnir þá lágmarkskennslu sem hver nemandi á rétt á í viðkomandi námsgrein eða greinaflokki.

## 5. gr.

Ef sérstaklega stendur á t.d. ef ekki fæst kennari í námsgrein eða vegna þess að aðstaða er ekki fyrir hendi og útilokað að ráða bót á því, getur fræðslustjóri heimilað skóla tímabundnar undanþágur frá því að uppfylla þá lágmarkskennslu í námsgreininni sem bundnar stundir segja til um.

Fræðslustjóri getur einnig heimilað að bundnar stundir sem ætlaðar eru námsgrein sem af óviðráðanlegum ástæðum er ekki hægt að kenna, séu notaðar til annarrar kennslu. Slík heimild er ekki veitt tvö ár í röð án þess að fyrir liggi áætlun um hvernig leysa skuli umræddan vanda.

## 6. gr.

Stundir til ráðstöfunar eru ekki ætlaðar sem skiptistundir.

Hver skóli fyrir sig ákveður hvernig þessum stundum er ráðstafað til kennslu samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla.

Stundir til ráðstöfunar eru einkum ætlaðar til kennslu þeirra námsþátta sem greint er frá í 17. kafla aðalnámskrár.

Stundir til ráðstöfunar má einnig nota til að auka kennslu í þeim námsgreinum sem tilgreindar eru í töflunni í 3. gr. Sumir skólar geta t.d. ákveðið að bæta stundum við íslensku, aðrir við listir og verkmenntir, erlend mál eða aðrar námsgreinar.

Mælst er til þess að skólar noti hluta af stundum til ráðstöfunar í umsjónarkjarna handa umsjónarkennurum bekkja til að fjalla með nemendum um námið, tilgang þess og gildi. Æskilegt er að nýta þann tíma einnig til að sinna viðfangsefnum sem ekki eru bundin ákveðnum námsgreinum samanber 17. kafla aðalnámskrár.

Stundir til ráðstöfunar má einnig nota til skólasafnsfræðslu umfram það sem gert er ráð fyrir í 10. grein c) lið eða fyrir 1. - 5. bekk.

Í 8. og 9. bekk má verja stundum til ráðstöfunar í valgreinar.

Í 10. bekk eru stundir til ráðstöfunar m.a. ætlaðar til valgreina.

## 7. gr.

Miða skal við að hlutföll milli námsgreina og greinaflokka séu sem næst því sem sýnt er í töflunni í 3. gr. Hlutföll milli flokka námsgreina í töflunni eru reiknuð út frá samtölu bundinna stunda. Þessum hlutföllum getur skóli breytt með stundum til ráðstöfunar.

## 8. gr.

Í 10. bekk mynda íslenska, stærðfræði, enska, danska og íþróttir kjarna.

Til viðbótar kjarna velja nemendur minnst 4 vikustundir í samfélagsgreinum (sögu, landafræði, félagsfræði) og/eða náttúrufræði (eðlis- og efnafræði, líffræði).

## 9. gr.

Úr öðrum valgreinum sem skólinn býður fram velja nemendur 10. bekkjar þar til náð er samtals minnst 33 vikustundum.

Sérstaklega er mælt með því að nemendum standi til boða valgreinar á sviði lista og verkmennta.

## 10. gr.

Auk þeirra stunda sem taldar eru í 3. gr. hafa skólahverfi stundir til ráðstöfunar sem hér segir:

a) Í skólahverfum þar sem 12 nemendur eða fleiri eru í bekk (einn aldursflokkur eða fleiri) reiknast stundir til að skipta bekkjardeildum - einkum í verklegri kennslu- eins og hér segir:

Í 1. - 3. bekk 1 vikustund á hverja 24 nemendur.

Í 4. - 9. bekk 3,5 vikustundir á hverja 24 nemendur.

Skólum er heimilt að færa skiptistundir milli árganga ef henta þykir.

Séu nemendur færri en 12 í bekk fær skólahverfið ekki skiptistundir samkvæmt þessari grein.

b) Stundir vegna valgreina í 10. bekk sem reiknast samkvæmt reglunni:

$$\left( \frac{\text{Fjöldi nem. í árgangi}}{17} - \text{fjöldi deilda} \right) \times 12$$

Stundir til valgreina verða þó aldrei færri en 4 í skólahverfi sem hefur 10. bekk.

c) Stundir til reglubundins hópnáms í skólasafni undir leiðsögn kennara. Hverjum skóla er reiknuð ein vikustund á hverja 30 nemendur í 6. - 10. bekk.

#### 11. gr.

Við ákvörðun fjölda kennslustunda sem ríkissjóður greiðir samkvæmt reglum þessum er miðað við nemendafjölda í einstökum bekkjardeildum sem hér segir:

Í 1. og 2. bekk 22 nemendur.

Í 3. - 10. bekk 28 nemendur.

Fræðslustjóri getur þegar sérstaklega stendur á, ákveðið hækkun á þessum viðmiðunartölum um allt að 2 nemendur í bekk þannig að hámarksfjöldi í 1. og 2. bekk getur orðið 24 og í 3. - 10. bekk 30 nemendur.

Í fámennum skólum þar sem aldursflokkar í 1. - 8. bekk eru saman í deildum skal miðað við að nemendur í bekkjardeild séu ekki fleiri en hér segir:

8 nem. ef aldursflokkar eru fleiri en fjórir

12 nem. ef aldursflokkar eru fjórir

17 nem. ef aldursflokkar eru þrír

22 nemendur ef aldursflokkar eru tveir.

Í 9. og 10. bekk skal miða við að deildir séu ekki færri en aldursflokkar þeir sem sækja þessa bekk skólans. Til þess að 9. og 10. bekk verði haldið uppi í skólahverfi mega nemendur í þessum deildum þó ekki vera færri en 12 að meðaltali, nema að fenginni heimild menntamálaráðuneytisins.

#### 12. gr.

Í fámennum skólum þar sem nemendur í 1. - 8. bekk eru saman í deildum, skal miða við að heildarstundafjöldi og innbyrðis hlutföll milli námsgreina séu sem næst því sem segir í 2. og 3. gr.

#### 13. gr.

Kennsluáætlanir skóla samkvæmt reglum þessum skulu staðfestar af fræðslustjóra áður en til framkvæmda kemur.

*Reykjavík, 13. apríl 1992.*

**Ólafur G. Einarsson.**

*Sólrún Jensdóttir.*

## REGLUGERÐ

### um humarveiðar 1992.

#### 1. gr.

Úthlutun aflamarks í humri á vertíðinni 1992 skal miðast við að heildarhumaraflri verði 2065 lestir miðað við heilan humar sbr. þó 3. gr.

#### 2. gr.

Bátum, sem aflahlutdeild hafa í humri skv. lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða er heimilt að stunda humarveiðar við Suður- og Suðvesturland frá og með 21. maí til og með 15. ágúst 1992. Veiðisvæði markast að austan af línu, sem dregin er réttvísandi í suðaustur frá Papey og að vestan af línu sem dregin er réttvísandi í vestur frá Malarrifsvita.

Óheimilt er að stunda veiðar á grynna vatni en 55 föðmum.